

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 995/2017 um doktorsnám við verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands.

1. gr.

Á eftir 2. másl. 7. mgr. 12. gr. reglnanna bætist við nýr málsliður, svohljóðandi: Verði ágreiningur meðal dómnefndarfulltrúa við doktorsvörn um hvort veita skuli doktorsnafnbót fer um hann samkvæmt verklagsreglu sem háskólaráð setur, sbr. 70. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sbr. 68. og 69. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 13. desember 2021.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.